



St. Józsefsspítali Landakoti, Landakotsspítali



**Jón Ólafur
Ísberg**

sagnfræðingur

jonolafur@althingi.is

Sankti Józsefsspítali í Landakoti tók formlega til starfa árið 1902. Landakotsspítali, eins og hann var jafnan nefndur, var aðalsjúkrahús landsins og kennsluspítali Læknaskólans/læknadeildar fram til 1930 þegar Landspítali tók til starfa og var ásamt honum helsta sjúkrahús landsins nær alla 20. öldina.

Jörðin Landakot, sem fyrrum var hjáleiga Reykjavíkur, komst í eigu fransks trúboðsbiskups árið 1859 og skömmu síðar var gömlum skúr sem þar var breytt í kapellu. Ný kirkja sem síðar var íþróttahús ÍR, var byggð árið 1897 en gamla kapellan var notuð sem sjúkaskýli eða spítali. Spítalinn annaðist einkum franska sjómenn sem hingað komu en síðar tók Franski spítalinn við Lindargötu, nú Tónmenntaskóli Reykjavíkur Lindargötu 51, við því hlutverki. Árið 1902 tók Landakotsspítali til starfa en hann var byggður á vegum St. Józsefssystur sem komið höfðu til Íslands árið 1896 til að sinna sjúkum. St. Józsefsreglan var stofnuð í Frakklandi árið 1650 til að starfa að samfélagsþjónustu utan klausturmúra. Reglusystur hófu strax að hlúa að sjúkum þótt ekki væri til sérstakt sjúkrahús og þær hófu einnig kennslu barna enda var barnafræðslu ábótavant. St. Józsefssystur leituðu til landsjóðs um fyrirgreiðslu þegar þær hugðust hefja spítalabyggingu og rekstur en fengu algjört afsvar. Spítalinn var byggður fyrir erlent samskota- og sjálfsaflafé reglusystur og söfnunarfé sem Jón Sveinsson, Nonni, hafði aflað til að byggja holdsveikraspítala sem danskir Oddfellowar létu byggja í Laugarnesi. Bygging og rekstur St. Józsefsspítala varð hins vegar til þess að ríkisvaldið gat komið sér hjá því að byggja spítala handa sínu fólki fyrir eigin peninga. Spítalinn, sem var kjallari, tvær hæðir, og ris var formlega tekinn í notkun 16. október 1902 og stóð á horni Túngötu og Ægisgötu, það er fyrir framan núverandi austurálmú spítalans. Í

upphafi voru 40 sjúkrarúm í elstu byggingunni en spítalinn var stækkaður í tveimur áföngum, fyrst árið 1935 og síðan árið 1962, og skömmu síðar var elsta húsið rífið. Frá upphafi var Landakotsspítali í forystu með ýmsar nýjungar bæði í læknisfræði og öðru. Þannig höfðu nunnurnar sérstakan brunn fyrir spítalann og frá honum var lagt lokað skolpræsi, þar var fyrsti vísir að barnadeild (1935) og Landakotsspítali var einnig meðal þeirra fyrstu til að útskrifa sjúkraliða.

Landakot var löngum þekkt fyrir einstaka umönnun og afbragðs lækna og auk þess þótti rekstur spítalans til mikillar fyrirmyndar. Hann var ekki inni í hinu opinbera kerfi eftir að það hóf sjúkrahúsrekstur fyrir alvöru og þess vegna meðal annars var rekstur spítalans mörgum þyrnir í augum. Sérstaklega varð mönnum starsýnt á lágan rekstrarkostnað í samanburði við önnur sjúkrahús þrátt fyrir afbragðs þjónustu og dugði ekki að skýra þann mismun með „kristilegum kærleik“ einum saman. St. Józsefssystur unnu mikið brautryðjendastarf í þágu sjúkra á Íslandi en þær ráku einnig St. Józsefsspítala í Hafnarfirði frá árinu 1926. Alls munu um 140 systur úr reglunni hafa starfað hérlendis í þau 100 ár sem þær voru að störfum en flestar voru þær um 50. Fjórar íslenskar konur gengu í regluna og störfuðu um tíma hérlendis en systurnar voru frá 11 þjóðum og 34 fengu íslenskan ríkisborgararétt. Þann 31. maí 1995 hætti síðasta systirin af St. Józsefsreglunni störfum á St. Józsefsspítala á Landakoti.

Árið 1976 urðu breytingar á rekstrarfyrirkomulagi spítalans þegar íslenska ríkið keypti hann af St. Józsefssystur og Sjálfseignarstofnun St. Józsefsspítala tók við starfseminni. Síðar voru Borgarspítalinn og Landakotsspítali sameinaðir og loks allir spítalarnir í Reykjavík, Borgarspítalinn, Landspítalinn og Landakot, sameinaðir undir merkjunum Landspítali – háskólasjúkrahús.

Tekið saman að tilstuðlan Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar í tilefni af 100 ára afmæli Læknafélags Reykjavíkur, í október 2009